

Fundargerð

Stýrihóps um Innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

1. fundur 4. júní 2003 haldin í samgönguráðuneytinu kl.15-17.

Mætt: Thomas Möller formaður, Ólafur J. Briem, Jón Þorvaldsson, Hörður Blöndal, Gísli Viggósson, Helga Jónsdóttir og Unnur Sverrisdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning og markmið verkefnis stýri hópsins
2. Verkáætlun a) Verkaskipting
 b) Tímaáætlun
3. Hagsmunahópar og sérfræðingar sem koma að málinu
4. Kynning reglna og fjárhagsáætlun
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og fjallaði almennt um verkefni hópsins. Benti hann á að tími til framkvæmda væri skammur og drög að lokaskýrslu yrðu að liggja fyrir eigi síðar en um áramót. Hann gaf síðan hverjum fundarmanni orðið og óskaði eftir afstöðu hvers og eins til verkefnisins.

Ólafur Briem tók fyrstur til máls og benti á að innleiðing reglana snertir fleiri en stjórnvöld, t.d. þyrftu skip að sækja um staðfestingu til flokkunarfélags um að þau uppfylltu kóðann fyrir 1. mars 2004. Flokkunarfélögin hafa lýst því yfir að þetta sé sá tími sem þau þurfa til að geta verið búin að taka út skip og gefa út öryggisvottorð fyrir 1. júlí 2004. Ólafur sagði þetta leiða til þess að hópurinn þyrfti að vera búinn að leggja ákveðnar línur um framkvæmdir, skilyrði osfr. ekki seinna en í haust (sept.-okt.). Hann vitnaði til funda sem hann hafði sótt í Noregi og sagði að þar væru menn að skilgreina ábyrgð og verksvið hvers og eins aðila sem að málinu koma. Ljóst væri að Siglingastofnun hefði stórt hlutverk við innleiðingu reglnanna hér á landi en en málið snerti mun fleiri s.s. löggæslan, tollgæslu, skipafélögin ofl. Tók hann sem dæmi; hver ákveður vástig? Hvar á að vista þá ábyrgð ? Þannig væru ótal spurningar sem eftir væri að finna svör við.

Jón Þorvaldsson tók næstur til máls. Hann sagði Eimskip hafa vakið athygli Reykjavíkurfafnar á öryggiskröfum ISPS kóðans er þeir hafi leitað eftir samvinnu um öryggisskoðun Sundahafnar. Til landsins komu breskir ráðgjafar sem töldu höfnina “ákaflega opna höfn”. Hann sagði það sína skoðun að umræðan skiptist í þrennt eftir því hverja hún snerti; 1) stjórnvöld 2) hafnir 3) fyrirtæki með starfsemi innan hafna, þ.m.t. skipaútgerðir. Að lokum sagðist hann telja Íslendinga mjög illa undirbúna fyrir svo viðamikil öryggis - regluverk.

Fram kom að hann ásamt Gísla Viggóssyni var á ráðstefnu í Noregi, þar sem norsk stjórnvöld lýstu því yfir að þau hyggtast vera tilbúin með birtingu reglna á grundvelli kóðans strax í haust. Þar með geta fyrirtæki sett allt í gang, svo því fyrr sem hópurinn mótar reglur því betra.

Thomas Möller taldi brýnt að lista upp alla aðila sem koma að verkefninu.

Hörður Blöndal sagði að búa þyrfti til flokka hafna. Margar hafnir úti á landi væru hannaðar nánast sem útvistarsvæði heimamanna og hefðu heilmikið félagslegt gildi. Sagði hann það afdráttarlausu skoðun sína að alls engin leið væri að leggja þennan kostnað á allar hafnir.

Gísli Viggósson tók næstur til máls. Hann sagði Ara Guðmundsson staddan á MSC fundi hjá IMO í London þar sem ISPS kóðinn væri til umræðu. Hann hafði eftir Ara að fundurinn hefði það markmið að “loka” kóðanum í siglingaverndinni. Ákveðið hafi verið að bíða niðurstöðu Expo-fundar (ESB-hafnarfundur) um hafnarverndina og ljúka kóðanum í hafnarverndinni með tilliti til hennar. Expo fundurinn er áætlaður nú fyrri partinn í júní, svo að niðurstaða ætti að liggja fyrir innan skamms.

Hann benti á að margir hefðu þegar hafist handa við undirbúning á að vinna skv. reglunum, t.d. hefði Lloyds auglýst námskeið fyrir öryggisfulltrúa og væru bæði Eimskip og Reykjavíkurbúinn búin að panta fyrir starfsmenn sína.

Hann taldi eðlilegt að leita fanga hjá þeim sem væru komnir lengra en við og sagðist sjálfur vera í sambandi við Norðmenn. Þaðan hefur hann fengið skyggur með kynningarfyrirlestri fyrir hafnir og fljótlega fengi hann upplýsingar um hvernig Norðmenn hyggjast standa að áhættumati fyrir hafnir.

Unnur Sverrisdóttir taldi mikilvægt að brjóta kóðann upp í siglingageira og hafnargeira og skilgreina hvað hvor hópur um sig ætti að gera samkvæmt þessum nýju reglum. Með því fengist skýrari mynd af verkefninu, aðgerðum og kostnaði sem því fylgdi.

Þegar allir höfðu tjáð sig um málið tók við almenn umfjöllun um efni kóðanna. Það liggur fyrir að margt er óljóst og lítið um nákvæmar verklagsreglur, má sem dæmi nefna þegar rætt er um “tengsl skipa og hafna” þá er ekki skilgreint hvernig á að fara með tengsl hafnar við skip sem eru undanþegin kóðanum annars vegar og skip sem falla undir hann hins vegar. Gilda mismunandi reglur? Um þetta er ekki fjallað og virðist sem einungis sé gert ráð fyrir “hreinum höfnum” þ.e. höfnum fyrir flutninga- og farþegaskip og svo höfnum fyrir fiskveiðiskip. Hér á landi þar sem eru hafnir fyrir skip sem falla undir kóðann eru þær líka fyrir fiskveiðiskip. Fundurinn samþykkti að afla upplýsinga um fjölda hafna á landinu og fjölda skipakoma í hverja og eina. Ljóst af gildissviði kóðans að mjög margar hafnir falla utan hans nú þegar og jafnvel mögulegt að skilgreina (áhættumeta) nokkuð marga út úr honum í krafti jafngildisreglunnar.

Menn voru sammála um að fylgjast vel með vinnu grannþjóðanna og hvaða leiðir þær munu fara.

Niðurstaða fundarins:

Ákveðið að búa til tvö teymi;

Hafnarteymi þar sem eru Sigurbergur Björnsson, Gísli Viggósson, Jón Þorvaldsson og Hörður Blöndal. S.B. falið að boða fund hið bráðasta.

Siglingateymi þar sem eru Unnur Sverrisdóttir, Ólafur Briem og Ari Guðmundsson. U.S. boðar fund.

Hvort teymið um sig á að skilgreina verkefni kóðans hvort á sínu sviði og mun þá liggja betur fyrir hvaða vinna er framundan.

Jafnframt var ákveðið að halda litla ráðstefnu þar sem kynnt verður efni kóðanna.

Hugsanlegir gestir eru; samgöngunefnd Alþingis, Landhelgisgæslan, Löggæsla, Tollgæsla, Skipafélögin, Sjómannaskólarnir, Hafnarsambandið og hugsanlega fleiri. Var m.a. bent á hvort ekki þyrfti að bjóða Atlantsskipum og þeim höfnum sem ekki eru innan hafnarsambandsins s.s. Kópavogshöfn.

Teymin skulu hafa hist og lokið sinni vinnu fyrir ráðstefnuna og hafa tilbúið kynningarefni. Áætlaður tími fyrir stefnuna er 16.-24. júní. Ólafi Briem var falin öll framkvæmd ráðstefnunnar.

Með þessu móti ætti að liggja fyrir mótaðar hugmyndir um umfang verksins og hvað heyrir hverjum til fyrir haustið en það er brýnt því flest fyrirtæki útbúa fjárhagsáætlanir fyrir komandi ár í sept.-okt.

Hópurinn gerir ráð fyrir sumarfrí í júlí en tekur upp þráðinn að nýju í byrjun ágúst. Þá mun á grundvelli fyrirbyggjandi vinnu verða ákveðið með framhaldið.

Stefnt að því að skrifa drög að skýrslu um leið og verkinu vindur fram og áætla kostnað sem falla mun á ríkissjóð, sveitarsjóði og atvinnulífið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.

Fundargerð ritaði Unnur Sverrisdóttir.